

# Sjö lög úr Dalasýslu

## I. Sigurhæðavísur

1.  
Þó ég renni þyrna skeið,  
þrauta sárin græðir  
vissan um, að lífsins leið,  
liggur á sigurhæðir.

2.  
Vonum stráð er brautin breið,  
birtu trúin glæðir.  
Elskan ratar alla leið  
upp á sigurhæðir.

*Ólína Andrésdóttir (1858-1935)*

## II. Þungt er að vera vinum fjær

1.  
Þungt er að vera vinum fjær,  
vona' og bíða lengi.  
En söngvar vakna' ef sorgin slær  
sálar hörpustrengi.

2.  
Sértu ekki' af aurum fjáð,  
er það kölluð mæða.  
En hæstu tónum helst er náð,  
er hjartans undir blæða.

3.  
Hlustir þú ei á heimsins róm,  
en hryggðar milda kliðinn,  
eitt er víst við hennar hljóm  
hlýturðu sálar friðinn.

*Ólína Andrésdóttir*

### III. Tálið margt

1.  
Tálið margt þó teflum við,  
tjáir vart að flýja.  
Veiku hjarta veitir frið  
vorið bjarta, hlýja.

2.  
Strýkur glóey grösín smá  
geislalófa þýðum.  
Lautir, flóar litkast þá;  
leysir snjó úr hlíðum.

3.  
Þröstur hátt með kátum klið  
kveður þrátt í runna.  
Þar er dátt að dreyma við  
dásemd náttúrunnar.

4. (8.)  
Mitt við hæfi' á móðurarm  
mun ég gæfu finna.  
Þar skal svæfa hjartaharm  
heillar ævi minnar.

*Herdís Andrésdóttir (1858-1939)*  
(úr kvæðinu *Upptíningur*)

### IV. Meðalhófið

1.  
Kviknar tregi, kólnar geð,  
krókótt beygist gata.  
Mér var eigi ment sú léð  
meðalveginn rata.

2.  
Neyta handa' og huga skalt,  
heims að standast tálið.  
Þegar hann andar á þig kalt  
aftur vandast málið.

3.  
Margra váru mörkuð skeið  
manna, er báru snilli.  
Skall á fár, því skektist leið  
skers og báru milli.

*Herdís Andrésdóttir*

## V. Efra og neðra

1.

Aleinn ræ eg út' á djúpi,  
ó, sú sjónin skær!  
Sjórinn gullnum sólskinshjúpi  
sveipast fjær og nær.

2.

Sjór er gagnsær - grilli' eg niður,  
gnötra' eg við að sjá:  
hafskip sokkið! - helgrár bryður  
hákarl bleikan ná.

3.

Áfram ræ eg, ei skal dvelja,  
áfram bátur! svíf;  
yfir sólbros, undir helja,  
ó, þú falska líf.

*Steingrímur Thorsteinsson (1831-1913)*

## VI. Tuttugasti nóvember

1.

Skýin grá með gretta brána  
gegnum skjáinn sé ég minn,  
blómin dái himninum háa,  
horfinn blái liturinn.

2.

Myrkravald um aldir alda  
á hann faldinn bindur rótt,  
lýðir aldrei lof þér gjalda  
langa kalda vetrarnótt.

3.

Þó við kvíðum kuldatíðum  
kafaldshrið og lágri sól,  
við skulum bíða, vorið blíða  
vermir hlíð og dal og hól.

4.

Eg þá spái eygló gái  
inn um lága gluggann minn  
og aftur fái himinninn hái  
himinbláa litinn sinn.

*Herdís Andrésdóttir*

## VII. Sigurhæðir

1.  
Mælir enginn mannsins neyð,  
er myrkur dauðans hræðir,  
ef hann þekkir enga leið  
upp á sigurhæðir.

2.  
Ein er bót við allri neyð  
og allar sorgir græðir,  
að við týnum aldrei leið  
upp á sigurhæðir.

3.  
Eilífðin er himinheið  
og hugarins sjónir glæðir;  
á endanum finna allir leið  
upp á sigurhæðir.

*Herdís Andrésdóttir*